



## 2. SIÐASKIPTIN

### Markmið

Að nemandi átti sig á

- ástæðunum fyrir siðaskiptum í Evrópu;
- hvernig siðaskiptin gengu fyrir sig á Íslandi;
- helstu einkennum rétttrúnaðarins;
- helstu staðreyndum varðandi galdrafárið.

### Kennsla

Gera þarf nemendum grein fyrir orsökum siðaskiptanna í Evrópu. Meginmálið er að fjalla um gagnrýni Lúthers og draga upp þann mun sem var á guðfræði hans og kaþólsku kirkjunnar.

Útskýra skal fyrir nemendum að Danakonungur ætlaðist til þess að þegnar hans tileinkuðu sér mótmælendatrú að hætti Lúthers en að biskuparnir, sem voru valdamestu menn landsins, hafi barist gegn siðaskiptum. Þar sem siðaskiptin gengu nokkuð fljótt fyrir sig í Skálholtsbiskupsdæmi er rétt að segja rækilegar frá valdabaráttu Jóns Arasonar. Nemendur þurfa einnig að átta sig á að siðaskiptin leiddu til þess að auður og völd kirkju minnkuðu en umsvif konungs og veraldlegra íslenskra höfðingja jukust sem því nam.

Benda skal nemendum á þær áherslur sem siðaskiptin og svokallaður rétttrúnaður höfðu í för með sér. Aldarfar 17. aldar var sérstaklega strangt og galdrafárið var eitt afsprengi þess.

### Umræður

- Hvað er átt við með siðaskiptum?
- Hver var upphafsmaður siðaskiptanna?
- Af hverju tóku Íslendingar upp lútherskan sið (í staðinn fyrir kaþólskuna)?
- Hvernig gengu siðaskiptin fyrir sig á Íslandi? Hver barðist helst gegn þeim?
- Hafa nemendur heyrt talað um rétttrúnað? Hvað er eiginlega átt við með því?
- Hvað vita nemendur um galdrafárið (galdraöld)?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 13 efni kaflans?



## VERKEFNI

### Ritun

- Skrifaðu frétt sem segir frá siðaskiptunum í Evrópu. Ímyndaðu þér að þú sért staddur í Þýskalandi sem fréttaritari fyrir íslenskt blað.
- Skrifaðu frásögn af endalokum Jóns Arasonar. Þú ert sjónarvottur að handtöku hans og aftöku. Ímyndaðu þér að þú haldir dagbók um atburðina. Best er ef þú getur sett atburðina í stærra samhengi með því að vísa einnig til þess hvernig siðaskiptin þróuðust á Íslandi.
- Ímyndaðu þér að þú sért að koma frá guðspjónustu á dögum rétttrúnaðarins og að hugurinn sé fullur af því sem presturinn sagði í predikun sinni. Skrifaðu frásögn af þeirri upplifun eins og þú sérð hana fyrir þér.
- Ímyndaðu þér að þú sért að skrifa sendibréf til einhvers sem þú þekkir. Þar segir þú frá örlögum kunningja þíns sem dæmdur var fyrir galdra.

### Myndmennt

- Teiknaðu mynd af siðaskiptunum á Íslandi eins og þú sérð þau fyrir þér. Þú getur valið á milli þess að teikna myndasýrpu eða eina stóra mynd.
- Teiknaðu mynd af messu þar sem prestur er að predika í lítilli sveitakirkju á 17. öld. Þú getur látið sjálfa(n) þig og nokkra bekkjarfélaga vera á meðal kirkjugesta.
- Teiknaðu mynd að eigin vali um galdrafárið.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

### Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um hvar galdrabrennur fóru fram hérlendis og merktu inn á kort. Kort er að finna undir verkefnum.

### Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga sem tengjast sögu kirkjunnar á Íslandi frá 1520–1900 og merktu inn á tímaásinn.

### Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikþátt þar sem koma fram viðhorf Lúthers annars vegar og kaþólsku kirkjunnar hins vegar.